

Hverfisráð Hríseyjar

9. fundur

Ár 2007, mánudaginn 14.maí kl. 16:15 var níundi fundur Hverfisráðs Hríseyjar haldinn í Hlein

Mætt voru: Kristinn Árnason, Theódóra Kristjánsdóttir, Linda María Ásgeirsdóttir og Drífa Þórarinsdóttir, Unnsteinn Kárason boðaði forföll.

Formaður setti fundinn og bauð alla velkomna

Dagskrá:

1. Innsend bréf

Formaður kynnti bréf frá Framkvæmdaráði sem er svar við erindum sendum 24.apríl.

“Samþykkt, að óska eftir upplýsingum um hvenær næstu tvær sorpstöðvar muni koma”

2. Erindi frá Bjarna Ómari Guðmundssyni

Erindi hans fagnað og tekur ráðið undir nauðsyn á að fá hjól og kerrur til að hafa á bryggjunni og einnig viljum við benda á að umferðarmál eru komin í ákveðinn farveg.

3. Hreinsunardagur

Ákveðið að auglýsa hreinsunardag mánudaginn 21. maí kl. 16.00. Guðrúnu falið að auglýsa daginn.

4. Önnur mál

Á fundi með hagsmunaaðilum sem haldinn var í Hlein s.l. haust var einróma samþykkt að allt yrði gert til að sundlaugin hér í Hrísey yrði opin í sumar þrátt fyrir framkvæmdir. Þar sem sögusagnir eru í gangi um að laugin verði “ekki opin” munum við óska eftir að íbúum í Hrísey verði kynnt staða mála af ráðamönnum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:30

Fundargerð skráð í tölvu af
Guðrúnu Kristjánsdóttur